

# ELDI Á BLEIKJU Í GALTALÆK, RANGÁRÞINGI YTRA Ákvörðun um matsskyldu

## NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Íslenskrar matorku ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að eldi á allt að 200 tonnum af bleikju á ári í Galtalæk, Rangárþingi ytra, sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Rangárþings ytra skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, rekstrarleyfi Fiskistofu skv. 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt deiliskipulag. Deiliskipulagið er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Þá tekur Skipulagsstofnun undir umsögn Umhverfisstofnunar um að í starfsleyfi verði sett skilyrði um vöktun á frárennsli frá fiskeldisstöðinni og á lífríki Galtalækjar og að gerð verði grein fyrir áætlun um viðbrögð ef til þess komur að efni í frárennsli mælast yfir mörkum samkvæmt starfsleyfi, lögum og reglugerðum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Íslensk matorka ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynntar hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (sbr. 25. gr. laga nr. 131/2011). Kærufrestur er til **12. mars 2012**.

## INNGANGUR

Þann 12. janúar 2012 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Íslenskri matorku ehf. um fyrirhugað eldi á bleikju í Galtalæk, Rangárþingi ytra samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 1g í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Rangárþings ytra, Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Rangárþingi ytra með bréfi dags. 24. janúar 2012, Fiskistofu með bréfi dags. 19. janúar 2012, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 31. janúar 2012, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 23. janúar 2012 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 31. janúar 2012.

Frekari upplýsingar bárust frá Íslenskri matorku ehf. með tölvupósti dags. 1. febrúar 2010 og bréfi dags. 4. febrúar 2011.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Fram kemur að fiskeldisstöðin í Galtalæk hafi mátt framleiða 60 tonn af urriða- og laxaseiðum á ári, samkvæmt starfsleyfi sem rann út í apríl 2010, en þar hafi þó einnig verið framleidd bleikja. Íslensk matorka ehf. hafi tekið yfir rekstur stöðvarinnar í september 2010, félagið hafi haldið áfram bleikjueldinu og fengið leyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fyrir 20 tonna eldi í október 2011. Fram kemur að félagið áformar að sækja um leyfi til 200 tonna framleiðslu á bleikju.

Fram kemur að ellefu fiskeldisker hafi verið notuð við eldið fram að þessu, en í fyrirhuguðum framkvæmdum verði fjögur þeirra fjarlægð og eitt langt straumker, svokallað lengdarstraumsker, verði byggt í þeirra stað. Jafnframt verði reist síló á lóð fiskeldisins og úr því verði fódri miðlað í fiskeldiskerin.

**Fiskeldið.** Fram kemur að bleikjuseiði frá seiðaeldisstöð Íslenskrar matorku ehf. í Fellsmúla, verði alin upp í sláturstærð á Galtalæk, sem taki 8-12 mánuði. Við eldið verði notuð sjö fiskeldisker og frárennsli frá þeim muni renna um lengdarstraumsker, sem útbúið verði með setgildrum sem fangi grófan lífrænan úrgang frá eldinu. Úr setgildrunum verði úrgangi dælt í söfnunartank, sem tæmdur verði reglulega. Í enda straumkersins verði vikursía, sem virki sem agnasia og lífhreinsir. Að hreinsun lokinni verði vatninu veitt í Galtalæk. Sjálfvirkt kerfi verði notað til þess að dæla fódri úr síló eftir slöngum og út í fiskeldisker og fódurgjöf verði stillt þannig að minni líkur en ella verði á offóðrun og óþarfa frárennsli fódurleifa. Fram kemur að með núverandi mannvirkjum sé mögulegt að framleiða um 120 tonn af bleikju á ári. Með fyrirhuguðum endurbótum, sem m.a. geri ráð fyrir bættri nýtingu á vatni og hreinsun á frárennsli, verði hægt að framleiða mun meira af bleikju án þess að úrgangslosun út í Galtalæk aukist eða starfsemin þurfi meira vatn til fiskeldisins miðað við það sem nú sé.

**Fráveita og úrgangur.** Fram kemur að frárennsli frá fiskeldinu í Galtalæk verði einungis yfirfall frá fiskeldiskerum sem renna muni um hreinsivirki lengdarstraumskersins, sem tryggir að fódurleifar berist ekki í ána. Einnig sé gert ráð fyrir að vatn í eldisstöðinni verði endurnýtt með því að veita því í hringrás um stöðina og súrefni þess verði bætt. Rennsli í Galtalæk sé yfir 2.000 l/s og úr læknum verði veitt að hámarki 500 l/s til fiskeldisins. Þynning á frárennsli verði 5-10 föld. Súrefni í frárennsli verði  $> 7$  mg/l (lágmark 6 mg/l samkvæmt reglum) og hiti þess verði það sama og í ánni. Úrgangur frá fyrirhuguðu eldi verði innan marka laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir og þó framleiðslan verði aukin verði úrgangur í formi fosfórs (P) sambærilegur og það sem falli frá núverandi eldi (6 kg/framleitt tonn) og losun á nítur (N) verði minni (nú 55 kg/framleitt tonn en verði 45 kg/framleitt tonn).

Fram kemur að engar byggingar verði við fiskeldisstöðina í Galtalæk sem skólp falli frá. Allur lífrænn úrgangur sem falli til við eldið verði fargað í viðurkenndri förgunarstöð. Eldisker verði varin með dúk eða neti þannig að vargfugl geti ekki sótt í þau og hreinsivirki verði lokað þannig að dýr muni ekki hafa aðgang að þeim. Engin fiskvinnsla verði í Galtalæk, en þess í stað verði eldisfiskurinn fluttur þaðan til slátrunar og vinnslu. Fram kemur að Íslensk matorka muni flokka og endurnýta úrgang eins og kostur sé og hann fluttur frá eldisstöðinni til endurnýtingar eða förgunar.

**Áhrif á vistkerfi Galtalækjar.** Fram kemur að gengið verði frá frárennsli á þann hátt að útilokað verði að eldisfiskur hafi samgang við villtan fisk í Galtalæk og dauður fiskur berist þangað með frárennsli frá eldisstöðinni. Frárennsli sem veitt sé í Galtalæk frá núverandi eldi beri ekki merki um set eða útfellingar, þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir), olíu eða froðu, sorp eða efni sem valdi óþægilegri lykt, lit eða gruggi. Bygging lengdarstraumskers með hreinsibúnaði gefi möguleika á að auka fiskframleiðslu án þess að auka losun lífrænna efna miðað núverandi eldi. Þynning frárennslisins verði mikil og það muni ekki hafa neikvæð áhrif á læki fyrir neðan eldisstöðina. Fylgst verði með frárennsli frá eldinu og tryggt að það mengi ekki Galtalæk. Rennsli í Galtalæk sé yfir 2.000 l/s og úr ánni verði veitt að hámarki 500 l/s til fiskeldisins.

**Áhrif á núverandi landnotkun.** Fram kemur að starfsemi fiskeldisstöðvarinnar hafi verið með óbreyttu sniði í 26 ár og núverandi mannvirki þar alltaf staðið á bakka Galtalækjar. Staðsetning mannvirkjanna sé ekki í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 þar sem fjarlægð frá bakka lækjarins sé langtum minni en 50 m og umferð almennings sé hindruð meðfram Galtalæk þar sem fiskeldið standi. Íslensk matorka telji að framangreint ákvæði eigi ekki við þar sem fiskeldisstöðin hafi fengið byggingaleyfi og verið starfrækt án athugasemda í rúma tvo áratugi. Vegna mikillar hættu á að smit berist frá villtum fiski í eldisfisk sé framkvæmdasvæði fiskeldisstöðva ávallt afgirt og lokað öllum óviðkomandi, þar með talið umferð veiðimanna um bakka Galtalækjar. Í aðalskipulagi sveitarfélagsins sé staðsetning mannvirkja samþykkt án athugasemda og án takmarkanna varðandi núverandi eða fyrirhugaða starfsemi.

**Sjónræn áhrif.** Fram kemur að fiskeldisker verði fjarlægð og í stað þeirra sett niður langstraumsker. Kerið verði grafið niður og muni liggja neðar en önnur ker á svæðinu. Því muni framkvæmdin ekki valda neikvæðum áhrifum á landslag.

**Áhrif á menningarmínjar.** Fram kemur að samkvæmt greinargerð með aðalskipulagi Rangárþings ytra séu heimildir um fornminjar á jörðinni Galtalæk, sem séu þó ekki á lóð fiskeldisins.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Fram kemur að fiskeldisstöðin í Galtalæk sé á landbúnaðarsvæði, samkvæmt aðalskipulagi. Ekki hafi verið unnið deiliskipulag fyrir eldisstarfsemina fyrr en nú og í nýgerðu deiliskipulagi lóðarinnar sé gerð grein fyrir núverandi byggingum og möguleikum til atvinnuuppbyggingar.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Í umsögnum Rangárþings ytra, Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun bendir á að fiskeldi í Galtalæk hafi verið rekið á starfsleyfi Eldisstöðvarinnar Fellsmúla í Landsveit, sem hafi heimilað 60 tonna ársframleiðslu á laxaseiðum og urriða, en leyfið hafi ekki gert ráð fyrir eldi á bleikju. Starfsleyfið hafi runnið út 20. apríl 2010. Starfsemi í Galtalæk hafi því verið rekin án starfsleyfis frá því að Íslensk

matorka keypti eignir úr þrotabúi Eldisstöðvarinnar og tók við rekstrinum í september 2010 þar til félagið fékk leyfi til 20 tonna framleiðslu þann 27. október 2011. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt sé að miðað verði við bestu fánlegu tækni (BAT) við alla hreinsun vegna eldisins. Þá telur stofnunin mikilvægt að í starfsleyfi verði sett skilyrði um vöktun á frárennsli frá fiskeldisstöðinni og á lífríki Galtalækjar og gera þurfi grein fyrir viðbragðsáætlun ef til þess komi að efni í frárennsli mælist yfir mörkum samkvæmt starfsleyfi, lögum og reglugerðum.

Í svari Íslenskrar matorku kemur fram að áður en félagið tók yfir rekstur eldisins í Galtalæk hafi bleikjueldi verið stundað þar lengi. Frá september 2010 hafi félagið leitað ráða hjá leyfisveitendum hvernig best verði hagað umsóknum og gögnum varðandi umsókn um endurnýjað starfsleyfi. Umsókn um leyfi til framleiðslu á allt að 20 tonnum í Galtalæk hafi verið send Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og einnig til Umhverfisstofnunar um aukið eldi. Vegna sinnuleysis fyrri eiganda hafi Íslensk matorka þurft að vinna að því að uppfylla kröfur heilbrigðisyfirvalda, leyfisveitenda og eftirlitsaðila samhliða vinnu við að koma framleiðslu og sölumálum í viðunandi horf.

Fornleifavernd ríkisins telur að fornleifa hafi ekki verið leitað á lóð fiskeldisins. Bent er á að þegar veðráttu leyfi muni stofnunin leita að fornleifum á lóðinni. Finnist fornleifar þurfi að gera Fornleifavernd ríkisins grein fyrir áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á þær og í framhaldinu muni stofnunin ákveða til hvaða mótvægisaðgerða skuli grípa vegna fornleifanna. Ef Íslensk matorka ehf. fallist á þessa tilhögun og muni lúta skilyrðum sem kunnir að verða sett vegna fornleifa á lóðinni telur Fornleifavernd ríkisins að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Íslensk matorka samþykkir að Fornleifavernd ríkisins komi á lóð félagsins í Galtalæk og kanni hvort þar séu fornminjar. Ef fornleifar finnast muni félagið fara eftir fyrirmælum samkvæmt lögum um fornminjar.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða stækkun á fiskeldisstöðinni í Galtalæk, Rangárþingi ytra. Eldi þar hefur verið starfrækt á grundvelli starfsleyfis fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla frá árinu 2000 er heimilaði 60 tonna ársframleiðslu af urriða- og laxaseiðum en þar að auki hefur verið þar eldi á bleikju. Starfsleyfið rann út í apríl 2010 en í október 2011 veitti Heilbrigðiseftirlit Suðurlands fiskeldisstöðinni í Galtalæk nýtt leyfi til framleiðslu á 20 tonnum á ári. Íslensk matorka ehf. hyggst sækja um leyfi til að framleiða allt að 200 tonn af bleikju á ári. Á lóð eldisstöðvarinnar eru ellefu fiskeldisker, en í fyrirhugaðri framkvæmd verða fjögur þeirra fjarlægð og eitt langt straumker, svokallað lengdarstraumsker, verður byggt í þeirra stað. Jafnframt verður reist síló á lóð fiskeldisins og úr því verður fóðri miðlað í fiskeldiskerin. Affall frá fiskeldinu mun renna um langstraumskerid á leið sinni í Galtalæk. Kerid verður útbúið setgildrum sem fanga grófan lífrænan úrgang frá eldinu og honum dælt þaðan í söfnunartank, sem tæmdur verður reglulega. Sjálfvirkt kerfi verður notað til þess að dæla fóðri úr síló eftir slöngum og út í fiskeldisker. Íslensk matorka ehf. telur að með fyrirhuguðum endurbótum, sem m.a. gera ráð fyrir bættri nýtingu á vatni og hreinsun á frárennsli, verði hægt að framleiða mun meira af bleikju miðað við það sem nú er og án þess að úrgangslosun út í Galtalæk aukist eða meira vatn þurfi til starfseminnar.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1g í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

**Áhrif á landnotkun.** Skipulagsstofnun bendir á að staðsetning mannvirkja á bakka Galtalækjar er ekki í samræmi við ákvæði gr. 4.15.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 um að þess verði gætt að ekki sé byggt nær ám en 50 m. Einnig er umferð almennings hindruð

meðfram læknum sem er ekki í samræmi við 23. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Skipulagsstofnun telur að ef til þess kemur að starfsemi fiskeldisins verði aukin og fleiri mannvirki byggð, verði kannaðir möguleikar á því að færa starfsemina fjær árbakkanum þannig að staðsetning mannvirkja verði í samræmi við ákvæði laga.

**Áhrif á vistkerfi Galtalækjar.** Skipulagsstofnun bendir á að samkvæmt bygginganefndarteikningum (teiknínúmer 1.02 og 1.03) er áformað að gera 3,5 m breiðan malarveg á milli núverandi fiskeldiskera og árbakkans, sem væntanlega er ætlaður til þess að þjóna flutningi á fódri í fódursíló. Samkvæmt teikningu verður um 1 m frá vegbrún að árbakkanum þar sem sílóid mun standa. Um þessi áform er hins vegar ekki fjallað í greinargerð með tilkynningu Íslenskrar matorku til Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun telur að umferð ökutækja á bakka Galtalækjar, með tilheyrandi hættu á að olía berist í lækinn, þjóni ekki yfirlýstu markmiði Íslenskrar matorku um að „koma í veg fyrir og draga úr mengun af völdum atvinnurekstrar“. Skipulagsstofnun telur æskilegt að Íslensk matorka ehf. leiti annarra lausna á staðsetningu fódursílósin svo markmiði félagsins verði fullnægt.

**Áhrif á menningarminjar.** Skipulagsstofnun tekur undir það sem fram kemur í umsögn Fornleifaverndar ríkisins um nauðsyn þess að kannað verði hvort fornleifar séu á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Ef fornleifar finnast á Íslensk matorka að fylgja skilyrðum um mótvægisáðgerðir sem Fornleifaverndar ríkisins kann að setja vegna fyrirhugaðra framkvæmda á lóð fiskeldisins.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Íslenskrar matorku ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að eldi á allt að 200 tonnum af bleikju á ári í Galtalæk, Rangárþingi ytra, sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Rangárþings ytra skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, rekstrarleyfi Fiskistofu skv. 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt deiliskipulag. Deiliskipulagið er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Þá tekur Skipulagsstofnun undir umsögn Umhverfisstofnunar um að í starfsleyfi verði sett skilyrði um vöktun á frárennsli frá fiskeldisstöðinni og á lífríki Galtalækjar og að gerð verði grein fyrir áætlun um viðbrögð ef til þess komur að efni í frárennsli mælast yfir mörkum samkvæmt starfsleyfi, lögum og reglugerðum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Íslensk matorka ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynntar hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (sbr. 25. gr. laga nr. 131/2011). Kærufrestur er til 12. mars 2012.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson